

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar foreldrafélags GSS

9. okt 2024 kl 17.15

Kaffistofa starfsfólks GSS

Mætt: Agnes Helga, Anna, Beata, Benedikt Páll, Dagur, Elfa Dögg, Guðbjörg, Guðbrandur, Haukur, Höskuldur Páll, Ingunn, Íris Fönn, Ólöf Inga, Ósk, Þóra, Þrúða.

Íris Fönn mun senda lista yfir meðlimi félagsins og verður facebooksíða þess uppfærð í samræmi við hann.

Þóra Magga skólastjóri setti fund og kynnti hlutverk stjórnar fyrir nýjum meðlimum auk þess að segja frá gjöfum sem fyrrum stjórn gaf skólanum fyrir hönd foreldrafélagsins. Svo yfirgaf hún fundinn.

Nýr formaður er Þóra Stefánsdóttir, nýr gjaldkeri er Ólöf Inga Stefánsdóttir og nýr ritari Anna Hallgrímsdóttir.

Ólöf Inga upplýsti stjórn um stöðu á reikning foreldrafélagsins. Fyrrum gjaldkeri sameinaði reikninga í einn.

Í framhaldi af því stakk Agnes Helga upp á því að foreldrafélagið myndi í samstarfi við foreldrafélag leikskólans bjóða Heimili og skóla að koma og halda fræðsluerindi um foreldrasamstarf. Agnes ætlar að skoða þetta betur og kynna fyrir okkur á næsta fundi.

Rætt var um fyrirliggjandi fjáraflanir hjá einstaka bekkjum. Tafir hafa orðið á því að geta byrjað fjáraflanir þar sem enn er verið að vinna í því að færa prókúruna, en það ætti að leysast innan skamms. Þá verður einnig hægt að upplýsa fulltrúa bekkjanna um stöðu á reikningum.

Rætt um hvernig best sé að vinna fjáraflanir til að ekki verði skörun á milli ólíkra aðila. Ákveðið að gera plan í samráði við fulltrúa frá Snæfell, X-inu og lúðrasveitinni.

Ólíkar hugmyndir um jólaföndur/jólasamverustund ræddar og ákveðið var að taka það betur fyrir á næsta fundi.

Kynnt var að bekkjarfulltrúar skipuleggi bekkjarkvöld (eitt fyrir áramót og eitt eftir áramót). Stefnt á að búið verði að halda fyrri bekkjarkvöldin fyrir desember.

Umræður sköpuðust um aðkomu foreldrafélagsins að hrekkjavökunni. Félagið mun taka að sér að útbúa auglýsingu líkt og fyrri ár.

Næsti fundur verður miðvikudaginn 6. nóvember kl 17.15

Fundi slitið kl 18.00